

Sara Dögg Jónsdóttir

HREIN OG BEIN

Kennsluleiðbeiningar
og verkefni

Reykjavík
2003

Hrein og bein – Kennsluleiðbeiningar og verkefni
© Sara Dögg Jónsdóttir 2003
Útgefandi: Samtökin 78
Fjölritun: Samskipti hf.

Öll réttindi áskilin

ISBN 9979-60-837-4

Til kennara

Að fjalla um samkynhneigð með unglíngum er fremur vandasamt en um leið mjög mikilvægt. Flestallir vakna til vitundar um kynhneigð sína á unglíngsárum og því er mikilvægt að þeir sem eru samkynhneigðir fái upplýsingar um hvað það þýðir að vera lesbía eða hommi. Ekki síður er það mikilvægt fyrir hina, sem eru það ekki, að gera sér grein fyrir þeim veruleika sem mætir samkynhneigðum. Að hefja umræðuna um samkynhneigð er mikilvæg leið til þess að koma í veg fyrir fordóma.

Veruleiki samkynhneigðra virðist oft snúinn og erfiður að taka á. Viðhorf samfélagsins hafa einna mest að segja hvað það varðar hvernig mönnum tekst að takast á við samkynhneigð sína. Hinn gagnkynhneigði heimur er það sem allt miðast við, og því fylgja ýmis átök að setta sig við að geta ekki samsamað sig þeim heimi. Að vera samkynhneigður vísur frá hinu venjulega, norminu, en þetta frávík þarf alls ekki að kosta erfiðleika og vanlíðan. Með því að upplýsa og hvetja til umræðu um veruleika samkynhneigðra má létta þeim lífið á þeim árum þegar unglíngar eiga hvað erfiðast með að afbera það að vera öðruvísi en hinir í hópnum.

Unglíngsárin eru það tímasteið ævinnar þegar einstaklingnum þykir hvað mikilvægast að tilheyra hópnum og njóta viðurkenningar og því er afar mikilvægt að sá unglíngur, sem er í þann veginn að átta sig á samkynhneigð sinni, finni að tilfinningar hans séu jafn mikils virði og annarra, og ekki síður að þær njóti viðurkenningar þeirra sem skipta unglínginn máli.

Eitt það erfiðasta sem ungt samkynhneigt fólk gengur í gegnum er að koma orðum að samkynhneigð sinni við foreldrana. Erfiðleikarnir lýsa sér meðal annars í því að óttast það að valda foreldrunum vonbrigðum á þann hátt að verið sé að bregðast væntingum. Almenn hafa foreldrar ákveðnar væntingar til barna sinna og framtíðar þeirra og snýr hún oft en ekki að þeirri mynd að ala af sér fullorðinn einstakling sem tekst á við þá ábyrgð að eignast maka af gagnstæðu kyni og börn. Oft er þetta erfiðasti hjallinn að komast yfir fyrir foreldra og því eðlilegt að samkynhneigt ungt fólk óttist viðbrögð foreldra sinna. Þá er það erfitt að vera unglíngur og eiga sér „leyndarmál“. Treysta sér engan veginn til þess að ræða það við nokkurn sem stendur honum nærri, hvorki foreldra né nána vini, af ótta við að verða hafnað eða valda vonbrigðum sem ekkert verður ráðið við. Unglíngi í þessum sporum getur reynst ákaflega erfitt að vinna úr viðbrögðum foreldra sinna sem í raun eiga að vera í því hlutverki að styðja og hvetja. Hér snúast hlutverkin oft við. Unglíngurinn verður að vera viðbúinn því að takast á við hvaða viðbrögð sem eru án þess að geta búið sig undir slíkt. Um það snúast erfiðleikarnir við að segja foreldrunum frá eigin samkynhneigð.

Lífsviðhorf fólks eru mismunandi, samkynhneigð hefur ekki öðlast viðurkenningu meðal allra. Enn búum við í samfélagi þar sem samkynhneigð er víða fordæmd og fyrirleit og allt á það rætur að rekja til fáfræði.

Skólaumhverfið á að spegla það samfélag sem við búum í hverju sinni, samkynhneigð er staðreynd sem ekki síst skólinn verður að mæta og takast á við.

Skilaboðin um það hvað sé rétt og rangt eru gefin með mismunandi hætti. Ein leiðin til þess að gefa skýr skilaboð er að tala ekki um hlutina. Með þeim hætti eru gefin skilaboð sem eru afar neikvæð og geta valdið mikilli vanlíðan. Skólaumhverfið hefur því hlutverki að gegna að senda frá sér hæfa þjóðfélagsþegna til þátttöku í samfélaginu, heilsteypa einstaklinga með eins

sterka sjálfsmynd og mögulegt er. Staðreyndin er sú að mörg samkynhneigð ungmenni kveðja skólann sinn með afar veika og sundraða sjálfsmynd vegna þess að veruleika þeirra voru ekki gerð þar nein skil. Eitt af hlutverkum kvikmyndarinnar *Hrein og bein* er að breyta því.

Samkynhneigð – hvað er það?

Samkynhneigð snýst fyrst og fremst um tilfinningar. Að einblína eingöngu á kynlíf í tengslum við samkynhneigð er misskilningur.

Kynhneigð snýst um flókið samspil tilfinninga. Kynhvötin skiptir þar grundvallarmáli en kynhneigð er ekki hið sama og kynhvöt, gagnkynhneigt ástarlíf snýst ekki nema að hluta til um kynlíf, samkynhneigt ástarlíf snýst ekki nema að hluta til um kynlíf. Allt þetta snýst um margbrotnar og samsettar tilfinningar – hrifningu, aðdáun, vináttu, félagsskap, stuðning, kynlíf, hjálpsemi, umburðarlyndi. Þess vegna er villandi og niðurlægjandi að einblína á kynlíf í tengslum við samkynhneigð. Í umræðunni um líf og tilveru lesbía og homma skiptir meginmáli að upplýsa um þá staðreynd að samkynhneigð er hluti af mannlífsflórinni og að ræða alla þá þætti sem mæta samkynhneigðum í samfélaginu. Hvernig er að upplifa sig öðruvísi en aðra? Á hvaða hátt er maður öðruvísi? Hvernig er að vera samkynhneigð manneskja og takast á við daglegt líf, ástina, mótlætið eða leitina að viðurkenningunni? Að upplýsa um þá staðreynd að samkynhneigð er eitt af mörgum blæbrigðum mannlegs lífs er ein besta leiðin til þess að vinna gegn fordómum.

Mikilvægt er að tala um samkynhneigða sem hluta af okkur en ekki sem einhverja aðra. Orðalag eins og „þetta fólk“ og „svona fólk“ eða „öfugir“ felur í sér þau skilaboð að það að vera samkynhneigður sé minna virði en það að vera gagnkynhneigður.

Þessi handbók hefur það hlutverk að hjálpa kennurum til að takast á við umræðuna um samkynhneigð á faglegan og ábyrgan hátt. Kennslugögnin, kvikmyndin og verkefni sem henni fylgja, er ætlað það mikilvæga hlutverk að rjúfa þögnina um veruleika samkynhneigðra.

Rétt er að brýna fyrir kennurum mikilvægi þess að undirbúa umfjöllunina vel, horfa fyrst á kvikmyndina áður en hún er sýnd í kennslustund og lesa öll gögn, kennarahandbókina svo og verkefni fyrir nemendur.

Uppbygging kvikmyndarinnar

Í sjö stuttum þáttum lýsir kvikmyndin *Hrein og bein* því ferli að gera sér grein fyrir eigin samkynhneigð, læra að kalla hana réttu nafni, sætta sig við hana, öðlast hugrekki til þess að segja öðrum frá þessum tilfinningum, öðlast viðurkenningu annarra og læra síðan að njóta lífsins og lifa góðu lífi sem samkynhneigður einstaklingur í samfélaginu.

Ef gera þarf hlé á sýningu vegna frímínútna er heppilegt að gera það eftir 3. þátt, en kvikmyndin er 59 mínútna löng. Tölurnar hér að neðan tilgreina tímasetningu á upphafi hvers þáttar á VHS-myndbandi, en DVD-mynddiskurinn skiptist í sjö þætti, þá sömu og hér er lýst.

00:01

1. þáttur – Ein í heiminum. Ég er einhvern veginn öðruvísi.

Í upphafi myndarinnar kynnist áhorfandinn því hvernig það er að átta sig á því að maður er öðruvísi. Viðmælendur segja frá reynslu sinni, hvernig það er að reyna að falla inn í hópinn. Þau lýsa því hvernig þau takast á við umhverfið á þessu tímabili og segja frá erfiðleikunum sem því fylgja að geta ekki talað um tilfinningar sínar.

16:36

2. þáttur – Púpan opnast. Tilfinningarnar öðlast nafn, þau brjótast út úr skelinni

Hér er fjallað um það með hvaða hætti viðmælendur komast í samband við hinn samkynhneigða heim, hvernig tekist er á við það að viðurkenna fyrir sjálfum sér að þeir eru samkynhneigðir.

22:55

3. þáttur – „Mamma og pabbi, ég verð að segja ykkur svolítið.“

Þegar hér er komið sögu fær áhorfandinn að kynnast því hvernig tekist er á við það að segja frá. Hversu miklu máli það skiptir að geta sagt foreldrum sínum frá sjálfum sér og þeirri staðreynd að viðkomandi er samkynhneigður. Og ekki síst hversu mikils virði það er að öðlast viðurkenningu þeirra sem standa þeim næst, nánustu fjölskyldu.

30:30

4. þáttur – Mamma og pabbi. Leitað eftir viðurkenningu og skilningi.

Hér kynnist áhorfandinn því hve mikill léttir það er fyrir hina samkynhneigðu viðmælendur þegar þau hafa öðlast kjark og þor til þess að treysta öðrum fyrir tilfinningum sínum. Viðbrögðum foreldranna er lýst og því hvernig tekist er á við þau.

39:23

5. þáttur – Út í umhverfið. Skólinn, félagarnir, samfélagið.

Reynslusögur viðmælenda af því með hvaða hætti þeir gera umhverfinu grein fyrir því hverjir þeir eru. Hvernig tekist er á við hið nýja líf – að byrja lífið upp á nýtt sem samkynhneigð manneskja.

48:15

6. þáttur – Leitin að ástinni. Sambönd og sambúð*

Hér er tilfinningunni og þeirri reynslu lýst þegar ástin kviknar og hvernig það er að mæta sínum nánustu með ástina sér við hlið. Samkynhneigða lífið verður sýnilegt og um leið reynir á vilja annarra til viðurkenningar.

53:55

7. þáttur – Stolt eða skammast sín. Að rækta sjálfsvirðinguna.*

Að lokum er vikið að mikilvægi þess að virða sjálfan sig, að vera stolt af þeirri manneskju sem maður hefur að geyma, því hlutskipti að vera samkynhneigður einstaklingur.

* Verkefni tengd þeim þáttum, sem merktir eru með stjörnu, eru sérstaklega ætluð framhaldsskólanemendum til viðbótar við önnur verkefni í heftinu.

Áður en horft er á kvikmyndina

Almenn umræða

Markmiðið með umræðunni er að setja nemendur í stellingar, koma þeim inn í viðfangsefnið og búa þá undir þá efnisþætti sem myndin fjallar um.

Eins og alltaf þegar umræðu er beitt í kennslu er aldrei hægt að segja nákvæmlega til um hversu löngum tíma skal verja í slíka vinnu. Umræðan verður jafn margvísleg og nemendur eru mismunandi. Spurningunum hér á eftir er ætlað að leiða kennarann í gegnum umræðuna og hjálpa til við að gera hana markvissa.

Samkynhneigð – hvað er það?

Áður en kvikmyndin er sýnd er mikilvægt að varpa þessari spurningu fram við nemendur og fá fram þeirra sýn á það hvað samkynhneigð er. Sumir þekkja eflaust einhvern sem er samkynhneigður og gætu sagt frá því, aðrir koma eflaust með margvíslegar hugmyndir um það hvað samkynhneigð er. Mikilvægt er að taka allar hugmyndir alvarlega, skrá þær niður svo að nemendur sjái hvaða hugmyndir hafa komið fram. Þennan lista er gott að hafa uppi á vegg og skoða hann nánar eftir að horft hefur verið á kvikmyndina.

Hvaðan höfum við vitneskju okkar og hugmyndir um samkynhneigð?

Gott er að spyrja nemendur að því og fá þannig fram hvaðan hugmyndir þeirra eru ættaðar. Er það úr fjölmiðlum sem nemendur hafa vitneskju sína og viðhorf eða frá einhverjum sem þeir þekkja? Um leið og hópurinn fer að velta þessu fyrir sér fæst mynd af því hvaðan upplýsingar þeirra um samkynhneigð koma. Þá gefst tækifæri til þess að ræða hvernig mismunandi upplýsingar eru gefnar eftir því hver í hlut á. Velta því til dæmis fyrir sér hvers konar umfjöllun á sér stað í fjölmiðlum um samkynhneigð. Er hún jákvæð eða neikvæð? Hvaða mynd gefur sú umfjöllun af samkynhneigðu fólki?

Með þessum spurningum eru nemendur settir í þá stöðu að verða að meta þær upplýsingar sem þeir hafa og sjá hvort eitthvað sé meira áberandi en annað. Fáum við fram einhverjar staðlaðar týpur, „hommann“ og „lesbíuna“? Eða hafa nemendur almennt mjög ólíkar hugmyndir? Svör við þessum spurningum er mikilvægt að fá til þess að vita út frá hverju er gengið í frekari vinnu.

Hommi og lesbía – hvar og hvernig eru þessi orð notuð?

Nánast öll ungmenni kannast við það að orðið *hommi* sé notað í neikvæðri merkingu og á niðurlægjandi hátt, enda hefur það lengi haft neikvæða merkingu almennt. Fordómarnir sem hafa hlaðist á orðið í tímans rás eru áhrifamiklir en samkynhneigðir hafa barist fyrir því að rétta þá mynd sem margir hafa af orðinu hommi. Og vinna að því að gefa því eðlilega og hlutlausu merkingu, því að orðið er í sjálfu sér ekki ljótt.

Því er afar mikilvægt að ræða þessa notkun orðsins og tengja hana við það hvernig þeim liði sem hugsanlega er samkynhneigður í hópnum og heyrði það notað sem skammaryrði á hverjum degi, jafnvel frá sínum bestu vinum. Einnig er mjög gott að láta nemendur velta því fyrir sér og gera þeim grein fyrir að notkun orðsins sem skammaryrðis hljóti að særa viðkomandi einstakling og valda honum mikilli vanlíðan. Orðið *lesbía* er ekki notað á þennan neikvæða hátt en orðið *lessa* er oft notað í neikvæðri merkingu, þó mun sjaldnar en orðið hommi.

Gott er að leyfa nemendum að láta gamminn geisa um allt það sem þeim dettur í hug þegar þeir heyra orðin *hommi* og *lessa*, áður en horft er á myndina, safna þeim hugmyndum saman og geyma.

Þegar lokið hefur verið við að draga þessa þætti saman og yfirsýnin er í höfn er tímabært að horfa á myndina. Best er að kennari sé algjörlega óhlutdrægur í umræðunni. Hlutverk hans á fyrst og fremst að vera það að stýra umræðunni og koma innleggi nemenda á framfæri.

Leiðbeiningar fyrir verkefnavinnu nemenda

Markmið verkefnanna er að fá nemendur til þess að setja sig í spor viðmælenda, kljást við þær aðstæður sem þeir lýsa, velta fyrir sér hvað það er sem skýrir þær aðstæður og fá þá til að sjá fyrir sér hvernig þeir myndu bregðast við í hverju tilviki fyrir sig.

Notaðar eru beinar tilvitnanir í myndina og spurningar við hverja þeirra. Spurningarnar eru allar þess eðlis að fengist er við viðhorf og persónulegar skoðanir hvers og eins. Allir verða að hafa rétt til þess að svara með sínum hætti. Flestum spurningunum er hreint ekki auðvelt að svara og þær krefjast vangaveltna. Sumar spurningarnar geta verið þess eðlis að gott sé að ræða þær við nemendur áður en þeir hefjast handa. Ekkert eitt svar er hið rétta.

Úrvinnslan er afar mikilvæg. Hér er um að ræða mjög tilfinningaþrungin efni og mikilvægt að nemendur brenni ekki inni með tilfinningar sínar og skoðanir.

Þegar nemendur hafa lokið við að vinna verkefnið safnar kennari þeim saman og getur valið hvort hann velur úr svörum til umræðna eða hvort hann kys að hafa umræðu um hvert einstakt svar.

Verkefni

Eftirfarandi verkefni eru ætluð bæði nemendum í grunnskóla og framhaldsskóla. Þau má m.a. ljósrita á glærur til notkunar við kennslu.

Verkefnin byggjast yfirleitt á beinum tilvitnunum í myndina og hverri tilvitnun fylgja síðan spurningar.

Hrein og bein – 1. þáttur
Ein í heiminum. Ég er einhvern veginn öðruvísi.

Verkefni 1

Sigga Birna:

„Þegar ég verð þrettán, fjórtán ára og vinkonurnar í kringum mann eru farnar að hugsa um stráka, þá fannst mér bara eins og ég ætti líka að hugsa um stráka og ætti að vera rosalega skotin í strákum. Og ég var það alveg. Ég meina, ég sagði það, ég sagðist vera skotin í þessum strák og þessum strák en samt, það var einhvern veginn aldrei alvarlegt.“

- a) Hvers vegna heldur þú að Siggu Birnu hafi fundist hún ætti líka að hugsa um stráka eins og vinkonurnar?
- b) Hvers vegna heldur þú að hún hafi ekki talað um það við vinkonur sínar að hún yrði aldrei skotin í strákum?
- c) Settu þig í spor vinkvennanna og ímyndaðu þér að einhver af þínum vinum sé að hugsa nákvæmlega hið sama.
- d) Hvað gætir þú gert til þess að auka líkurnar á því að vinur þinn talaði um það að hann/hún hrifist af sama kyni?

Hrein og bein – 1. þáttur
Ein í heiminum. Ég er einhvern veginn öðruvísi.

Verkefni 2

Fjalar:

„Ég fór að heiman fyrst þegar ég var fjórtán ára, pakkaði bara niður í tösku og fór af því að þá var fjölskyldan svo ómöguleg. Þá fannst mér það alltaf vera „aumingja ég“, en svo þegar ég hef rætt þetta við foreldra mína seinna, þá var þetta „aumingja þau“. Því þau missa í rauninni tökin á mér af því að ég flý undan þeim. Í staðinn fyrir ef ég hefði bara sagt við þau hreint út: „Ég er hommi,“ og fjölskyldan getað bara glímt við það á þeim tíma.“

a) Veltu því fyrir þér hvers vegna Fjalar sagði ekki foreldrum sínum frá því að hann væri hommi. Nefndu nokkrar ástæður og rökstyddu þær.

Hrein og bein – 1. þáttur
Ein í heiminum. Ég er einhvern veginn öðruvísi.

Verkefni 3

Fjalar:

„En einhverra hluta vegna þá held ég að maður hafi komist að þeirri niðurstöðu að í staðinn fyrir að reyna að komast í gegnum þetta þá væri langbest að ljúka þessu, fremja sjálfsmorð.“

Hér segir Fjalar frá þeirri reynslu sinni að hafa gert tilraun til þess að svipta sig lífi.

a) Hvers vegna heldur þú að hann hafi komist að þeirri niðurstöðu að það væri það eina sem hann gæti gert?

Hrein og bein – 2. þáttur

Púpan opnast. Tilfinningarnar öðlast nafn, þau brjótast út úr skelinni.

Verkefni 4

Alfreð:

„Ég man þegar ég hringdi í Samtökin '78, þá þorði ég ekki að hringja heiman frá mér þótt enginn væri heima. Ég fór niður í miðbæ til þess að hringja úr peningasíma og hringdi þegar það var „opið hús“. Og ég lét líða aðra þrjá mánuði áður en ég fór. Og það var tekið mjög vel á móti mér og ég kynntist fullt af krökkum strax. Þetta er náttúrliga mesta hjálpin sem maður getur fengið, að tala við aðra samkynhneigða á sama aldri.“

Hér talar Alfreð um hversu mikilvægt það er fyrir ungt fólk að tala við aðra samkynhneigða á sama aldri.

a) Settu þig í hans spor og veltu því fyrir þér hvers vegna það sé mikilvægt. Skrifðu vangaveltur þínar niður.

b) Hvað heldur þú að það sé sem Alfreð óttaðist við að hafa samband við Samtökin '78?

Hrein og bein – 3. þáttur

„Mamma og pabbi, ég verð að segja ykkur svolítið.“

Verkefni 5

Sigga Birna:

„Það er ekki hægt að vera sáttur við sjálfan sig ef maður er ekki sáttur við foreldra sína, ef maður lifir einhverju leynilífi gagnvart þeim. Og þetta haust sem ég er að velta því fyrir mér hvernig ég eigi að segja mömmu og pabba frá þessu, þá eiginlega forðaðist ég þau. Því ég gat ekki farið heim og horfst í augu við þau án þess að þau vissu hvað væri að gerast í lífi mínu. Það er svo erfitt að segja þetta: „Mamma ég er lesbía.“ Það er bara mjög erfitt.“

Vel flestir sem eru að gera sér grein fyrir því að þeir eru samkynhneigðir finnst erfitt að segja foreldrum sínum frá því.

a) Hvað gæti það verið sem til dæmis Sigga Birna hræðist við það að segja foreldrum sínum að hún sé lesbía?

Hér er talað um að það sé svo erfitt að segja: „Mamma, ég er lesbía.“

b) Veltu því fyrir þér hvað það er sem gæti verið erfitt við það og skrifaðu vangaveltur þínar niður.

c) Hvað gerir það að verkum að foreldrarnir eru svona mikilvægir?

Hrein og bein – 3. þáttur

„Mamma og pabbi, ég verð að segja ykkur svolítið.“

Verkefni 6

Alfreð:

„Hann trúði þessu ekkert, hvort ég væri alveg viss, hvort þetta væri ekki bara tískusveifla sem væri í gangi hjá mér, fólk væri að þessu svona inn á milli. Daginn eftir sagði pabbi minn mömmu frá þessu, hann sagðist ekki hafa getað þagað lengur yfir þessu. Og mamma er þannig að hún lét reiði sína fjúka eitt kvöldið. Og hún sagði að ég yrði kallaður „perri“ og að ég myndi aldrei geta eignast börn og aldrei átt almennilega fjölskyldu. Og svo kom líka alltaf: „Svo fáum við engin barnabörn.“ Þannig að fyrir henni var þetta líka erfitt.“

Hér er Alfreð að lýsa viðbrögðum foreldra sinna.

- a) Hvers vegna heldur þú að foreldrar hans hafi brugðist við á þennan hátt?
- b) Hvernig heldur þú að Alfreð hafi liðið við að heyra viðbrögð foreldra sinna?
- c) Hvers vegna heldur þú að foreldrum finnist erfitt að heyra það að barn þeirra sé samkynhneigt?

Hrein og bein – 4. þáttur
Mamma og pabbi. Leitað eftir viðurkenningu og skilningi.

Verkefni 7

Sigga Birna:

„Það tók mig alla vega fjóra mánuði að segja mömmu og pabba frá því að ég væri lesbía. Það var búið að veltast inni í mér, ég var búin að gráta yfir því oft og ég var búin að lenda í því líkum erfiðleikum með sjálfa mig, að ég skyldi vera lesbía og þyrfti að ganga í gegnum þetta. Þá get ég ekki ætlast til þess að ég fari til mömmu og pabba og segi þeim: „Ég er lesbía.“ Og þau hafa aldrei velt því fyrir sér áður. Þá get ég ekki ætlast til þess að þau taki því bara: „Já, en gaman.“ Maður verður að gefa foreldrum sínum sama umhugsunartíma, sama tíma til þess að venjast hlutunum og sjálfum sér.“

Þegar Sigga Birna gerði sér grein fyrir því að hún er lesbía hafði hún aldrei heyrt talað um samkynhneigð. Í hennar skóla var aldrei talað um samkynhneigð.

- a) Veltu því fyrir þér hvernig það sé fyrir ungling í dag að segja frá því að hann sé samkynhneigður.
- b) Að hvaða leyti gæti það verið öðruvísi núna miðað við það hvernig það var fyrir hana? Hvers vegna?
- c) Að hvaða leyti gæti það verið svipað? Hvers vegna?

Hrein og bein – 4. þáttur
Mamma og pabbi. Leitað eftir viðurkenningu og skilningi.

Verkefni 8

Fjalar:

„Ég held að það hafi verið þá í raun og veru sem þetta púslaðist allt í einu allt saman. Það er í raun og veru þetta stutta ferli, að segja loksins við þau: „Ég er hommi.“ Þetta gerist bara á einni kvöldstund. Það sem ég var búinn að kvíða fyrir og hræðast öll þessi ár. Og í raun og veru að líða helvíti fyrir. Tók eina kvöldstund og þar með var það búið og lífið hélt áfram. Skólinn fór að virka, vinirnir fóru að virka, fjölskyldan fór að virka og síðast en ekki síst – ég fór að virka.“

Hér lýsir Fjalar því hversu erfitt það var að hafa ekki sagt foreldrunum frá því að hann væri hommi. Og hvernig honum leið betur eftir að hafa loksins sagt þeim frá því.

a) Hvers vegna heldur þú að honum hafi farið að líða betur?

Hrein og bein – 4. þáttur
Mamma og pabbi. Leitað eftir viðurkenningu og skilningi.

Verkefni 9

Heiðar:

„Mamma og pabbi komu í rauninni líka út úr skápnum og það hefur ábyggilega líka verið mjög erfitt fyrir þau, alveg eins og það var fyrir mig. Og við ræðum þetta reglulega, ræðum hvernig þetta var fyrir mig að segja frá þessu og hvernig þetta var fyrir mömmu að fara á milli allra í stórfjölskyldunni, til vina og annars fólk og segja þeim að svona væri sonur minn, eins og hún orðaði það, hann er svona og svona og svona, og ef einhver ykkar hefur einhverja vonda gagnrýni á það þá vil ég bara biðja ykkur um halda ykkur í fjarlægð frá minni fjölskyldu.“

a) Á hvaða hátt heldur þú að það kunni að hafa verið erfitt fyrir foreldrana að segja vinum og fjölskyldu frá því að sonur þeirra væri hommi?

b) Hvað finnst ykkur um mömmu Heiðars og það sem hún gerði?

Verkefni 10

Ási:

„Bekkurinn í heild sinni tók þessu mjög vel. Ég var reyndar mjög hissa. Ég er á málabraut, það er yfirleitt meira af stelpum á málabraut og einhvern veginn eru þær oft fljótari að setta sig við mann: Já, já, ókei, þá verður bara að hafa það. En strákar: Guð, ég verð að fara með honum í sturtu, Guð, ég verð að fara með honum í leikfimi og allt eftir þessu. Þeir voru fyrst hálfhræddir við mig, fóru frekar í klefann þar sem ég ekki sá og voru mjög fljótir í sundskýluna. Og ég hugsaði: Hvað halda þeir að ég sé, halda þeir virkilega að ég horfi bara á hvern sem er? Mér fannst þeir heldur upp með sér, þessi grey.“

Hér talar Ási um viðbrögð bekkjarfélaga. Hann lýsir fyrstu viðbrögðum strákanna í bekknum eins og þeir hafi verið hálfhræddir við hann. Sérstaklega í tengslum við það að vera með honum í búningsklefa í sundi og leikfimi.

a) Hvað finnst þér um þau viðbrögð strákanna?

b) Hvað heldur þú að þér myndi finnast um þessa hluti ef einhver bekkjarfélagi þinn væri samkynhneigður og af sama kyni og þú?

c) Hvað á Ási við þegar hann segir að þeir séu heldur upp með sér, þessi grey?

Verkefni 11

Jón Eggert:

„Ástæðan fyrir því að ég strunsaði út úr skápnum var sú að stinga upp í strák í bekknum mínum sem var agalegur hommahatari. Við vorum alltaf að rífast um þetta. Og alltaf þurftu rifrildin að enda á því að hann sagði: „Hvað veist þú um það hvort þau séu ekki geðveik? Ha? Ertu kannski hommi?“ Og ég alltaf bara: Ahhhhh.“

Hér er Jón Eggert að lýsa þeirri reynslu sinni að vera viðstaddur neikvæða umræðu um samkynhneigð. Hann veit jafnframt að hann er sjálfur hommi en fær sig ekki til að segja neitt.

Ímyndaðu þér hvernig það sé að sitja undir neikvæðri umræðu bekkjarfélaga um mann sjálfan án þess að þeir viti að þeir eru í rauninni að tala um þig.

a) Hvernig tilfinning heldur þú að það sé?

b) Hvernig myndir þú bregðast við slíkri umræðu?

Hrein og bein – 5. þáttur
Út í umhverfið. Skólinn, félagarnir, samfélagið.

Verkefni 12

Ímyndaðu þér að einhver í þínum bekk sé samkynhneigður. Skrifðu bréf honum/henni til stuðnings. Bréf sem gæti hjálpað viðkomandi til þess að segja frá.

Fyrir framhaldsskólanema

Eftirfarandi verkefni eru sérstaklega miðuð við
nemendur á framhaldsskólastigi.

Verkefni 13

Fjalar:

„Með því að vera ekki kominn almennilega úr felum þá tengdist ég náttúrlega ekki neinum, ég hitti enga stráka á mínum aldri sem mig langaði til að vera skotinn í. Ég fór þá leiðina að missa sveindóminn og stunda svo kynlíf í svona, allt eitthvað svona laumu, laumu eitthvað. Ég vissi ekki hvað það var að verða ástfanginn af strák og fá það til baka. Þegar ég svo get farið að horfast í augu við mína kynhneigð og lifa þannig lífi, þá fór maður náttúrlega að sjá alla sætu strákana sem voru hommar. Og það var náttúrlega eins og að hleypa barni inn í sælgætisverslun, það var svo gaman.“

Ímyndaðu þér hvernig væri að vera í sömu stöðu og Fjalar.

a) Hvað á hann við þegar hann talar um hvað það hafi verið gaman þegar hann fór loksins að horfast í augu við kynhneigð sína og lifa þannig lífi?

Hugleiddu það umhverfi sem framhaldsskólarnir eru.

b) Hvað er það sem samkynhneigt ungt fólk á framhaldsskólastigi er hugsanlega að fara á mis við sem hinir gagnkynhneigðu hafa?

Verkefni 14

Í myndinni sjáum við pör homma og lesbía sem eru á föstu. Til dæmis kemur það fram í myndinni að Heiðar og Davíð eru par.

- a) Hvers konar tilfinning kemur upp í þér þegar þú hugsar um eða sérð tvo stráka saman sem eru kærustupar?
- b) En þegar þú hugsar um eða sérð tvær stelpur saman sem eru kærustupar?
- c) Finnst þér vera einhver munur þar á?
- d) Ef svo er, í hverju heldurðu að sá munur felist?

Verkefni 15

Ýmsir hafa óljósar hugmyndir um fjölskyldulíf samkynhneigðra. Margir halda að þeir eigi ekki börn og finnst skrýtið til þess að hugsa að lesbíur og hommar dreymi um að eignast börn. Staðreyndin er hins vegar sú að fjölmargt samkynhneigt fólk, bæði lesbíur og hommar, á börn og er að ala upp börn. Þessi börn eru á öllum aldri og mörg hver á þínu reki.

- a) Af hverju halda menn að lesbíur og hommar séu barnlaust fólk?
- b) Hvernig eignast samkynhneigðir börn?
- c) Hvernig heldur þú að það sé að alast upp sem barn samkynhneigðra foreldra?
- d) Hvernig lítur sú fjölskyldugerð út?
- e) Hvaða tilfinningar og hugmyndir vekur hún með þér?

Hér má einnig hafa orð Alfreðs í **Verkefni 6** til hliðsjónar.

Verkefni 16

Dagný:

„Ég lít svo á að ef maður er ekki stoltur að þá sé fólk að niðast á þér. Hreint og beint. Áður fyrr, áður en að ég varð stolt, þá var fólk svona: Er hún lesbía, tu tu tu . . . En svo þegar ég gat faktískt sagt: „Ég er lesbía,“ þá þorði fólk bara ekkert að segja neitt við mig. Eða til hliðar við mig. Og þess vegna er það mjög mikilvægt að við samkynhneigðir sem erum hérna og erum ástfangin gerum nákvæmlega eins og gagnkynhneigðir þegar við erum að labba niður Laugavegin. Höldumst í hendur, það er ekkert eðlilegra. Og svo lengi sem við höldum því leyndu, þorum ekki að haldast í hendur, þá á fólki eftir að finnast það óeðlilegt. Ef við erum ástfangin, af hverju ekki að sýna það? Ég er ekkert að meina á yfirþyrmandi máta, bara á eðlilegan hátt. Af því að við erum eðlileg.“

Dagný talar um það að svo lengi sem samkynhneigðir haldi því leyndu fyrir samfélaginu að þeir séu samkynhneigðir, þá eigi fólk eftir að finnast það óeðlilegt.

a) Við hvað er átt?

b) Ertu sammála eða ósammála því sem hér kemur fram og hvers vegna?

Dagný talar um mikilvægi þess að geta sagt: Ég er lesbía. Veltu því fyrir þér hvers vegna hún gat ekki sagt það áður.

c) Hvaða ástæður gætu legið þar að baki?

d) Hvers vegna heldurðu að það sé mikilvægt að geta sagt það hreint út?

Verkefni 17

Heiðar:

„Stundum fer það í taugarnar á mér að það skuli vera til svokallað gay-samfélag, að við skulum þurfa að hafa sérstakan fána og að við skulum þurfa að hafa Samtökin '78 þótt að það séu náttúrulega alveg frábær samtök. En stundum fer það í taugarnar á mér að við þurfum að hafa þetta, hafa sérstök hverfi úti í heimi. Þetta er eitthvað sem mér finnst ekki að eigi að vera til.“

- a) Hvað finnst þér um það sem Heiðar er að tala um?
- b) Hvað á hann við í raun og veru?
- c) Ræðið Samtökin '78.
- d) Hvers vegna eru þau til?
- e) Eru þau óþörf?
- f) Hvaða tilgangi þjóna þau?
- g) Hafa þau einhver áhrif í samfélaginu?
- h) Er það neikvætt eða jákvætt að samtök lesbía og homma séu til?
- i) Hvers vegna og hvers vegna ekki?

Viðauki

Samkynhneigð – Nokkur rit

Bækur og greinar á íslensku

- Fairchild, Betty & Hayward, Nancy (1989). *Veistu hver ég er?* (Jón St. Kristjánsson þýddi; kom upphaflega út á ensku 1979). Reykjavík: Ný sýn.
- Guðmundur Páll Ásgeirsson (1996). Umrót og sársauki í lífi samkynhneigðra ungmenna. *Glæður*, 6 (2), 44–49.
- Guðmundur Páll Ásgeirsson (1999). *Með hnút í maganum: Viðtöl við lesbíur og homma um sársaukafullar tilfinningar í tengslum við að koma úr felum*. Reykjavík: Höfundur.
- Gunnlaugur A. Jónsson (1998). Samkynhneigð í ljósi textans um sköpun mannsins í mynd Guðs. *Kirkjuritið*, 64, (2), 8–14.
- Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson (ritstj.) (2003). *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Reynir Þór Sigurðsson og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (1997). *Samkynhneigð: Á ég að gæta bróður míns?* Reykjavík: Ritroð uppeldis og menntunar.
- Einnig er bent á fjölbreytt safn greina á vefsíðu Samtakanna '78. www.samtokin78.is undir flettunni „Greinar“.

Óprentaðar ritgerðir og skýrslur

- Anna Einarsdóttir (1996). „Við erum ósýnilegar“: *Eigindleg rannsókn um lesbíur og fjölskyldulíf* (Óbirt B.A.-ritgerð í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands).
- Ármann Hákon Gunnarsson (2000): *Sköpuð í mynd Guðs: Guðfræðileg umræða um samkynhneigð* (Óbirt B.A.-ritgerð í guðfræði, Guðfræðideild Háskóla Íslands).
- Birna Jóna Björnsdóttir og Lína Hrönn Þorkelsdóttir (1998). *Fordómar í þögninni: Rannsókn á högum heyrnarlausra samkynhneigðra á Íslandi* (Óbirt lokaritgerð í táknafræði og táknafræðistúlkun, Heimspekideild Háskóla Íslands).
- Biskupsstofa (1996). *Samkynhneigð og kirkjan*. (Óbirt skýrsla nefndar skipuð af kirkjuráði og biskupi Íslands) Reykjavík.
- Eygló Jóna Gunnarsdóttir (1999). *Samkynhneigður bróðir* (Óbirt B.A.-ritgerð í guðfræði, Guðfræðideild Háskóla Íslands).
- Forsætisráðuneytið (1994). *Skýrsla nefndar um málefni samkynhneigðra*. Reykjavík.
- Gerða Sigmundsdóttir og Olga Hrönn Olgeirsdóttir (2000). *Fjölskyldur samkynhneigðra: Hvers vegna ekki?* (Óbirt B.Ed.-ritgerð við Kennaraháskóla Íslands).
- Guðmundur Páll Ásgeirsson, Halldóra B. Bergmann og Toby S. Herman (1994). *Að lifa í sátt við kynhneigð sína: Könnun á viðbrögðum samkynhneigðra við kynhneigð sinni og viðbrögðum samfélagsins við þeim* (Óbirt lokaritgerð í námsráðgjöf við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands).
- Helena Unnarsdóttir (1997). *Samkynhneigð: Frávik eða fjölbreytileiki?* (Óbirt B.A.-ritgerð í félagsfræði, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands).
- Helga Kristjánsdóttir (1999). „Ég á sko tvo pabba“: *Börn samkynhneigðra* (Óbirt B.Ed.-ritgerð við Kennaraháskóla Íslands, leikskólaskor).
- Marteinn Óskar Tryggvason (1997). *Menn með mönnum: Viðtöl við unga homma* (Óbirt B.A.-ritgerð við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands).
- Sara Dögg Jónsdóttir (2001). *Samkynhneigð og grunnskólinn: Viðhorf skólustjórnenda til umfjöllunar um samkynhneigð í grunnskólum og samkynhneigðra kennara* (Óbirt B.Ed.-ritgerð við Kennaraháskóla Íslands, grunnskólaskor).

Sólrún Engilbertsdóttir (1999). *Einstaklingur án fjölskyldu: Umfjöllun um samkynhneigða foreldra* (Óbirt B.A.-ritgerð í mannfræði, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands).

Nokkrar erlendar bækur

Coyle, Adrian og Kitzinger, Celia (ritstj.) (2002) *Lesbian & Gay Psychology: New Perspectives*. Oxford: Blackwell Publishers.

Harris, Mary B. (ritstj.) (1977). *School experiences of gay and lesbian youth: The invisible minority*. New York: Harrington Park Press.

Owens, Robert E. (1998) *Queer kids. The challenges and promise for lesbian, gay and bisexual youth*. New York: Harrington Park Press.

Phua, Voon Chin (2003). *Icelandic lives: The queer experience*. New York: Hayworth Press.

Unks, Gerald (ritstj.) (1995) *The gay teen: Educational practice and theory for lesbian, gay and bisexual adolescents*. New York: Routledge.

Samtökin '78

www.samtokin78.is / skrifstofa@samtokin78.is

Samtökin '78 eru elstu og stærstu félagasamtök samkynhneigðra hér á landi. Þau voru stofnuð 2. maí 1978. Stofnfundinn sátu um tveir tugir karlmannna, en nafn félagsins var myndað að norrænni fyrirmynd, samanber heiti danskra samtaka samkynhneigðra, *Forbundet af 1948*, sem upphaflega var eins konar felunafn. Undirheiti hins nýja íslenska félags var „félag hómósexúal fólks á Íslandi“ en því var breytt nokkrum árum síðar í „félag lesbía og homma á Íslandi“. Engin kona sat stofnfundinn en þó höfðu þær komið við sögu á undirbúningsfundum fyrr um vorið og strax á fyrsta starfsárinu gengu nokkrar stúlkur til liðs við félagið. Konur voru þó árum saman mikill minnihluti félagsmanna, lengi vel um fjórðungur þeirra, en hefur fjölgað mjög síðan.

Í fyrstu stefnuskrá Samtakanna '78 segir meðal annars: „Við lesbíur og hommar á Íslandi viljum miðla þekkingu til hómósexúal einstaklinga og efla með þeim skilning þeirra á sjálfum sér og treysta afstöðu þeirra til sjálfra sín. Við viljum miðla þekkingu á málefnum okkar til alls samfélagsins svo að það öðlist skilning á þeim og á því að við erum eðlilegur hluti af samfélaginu. Við viljum njóta fyllstu réttinda, siðferðilegra og lagalegra án nokkurs manngreinarálits, en förum ekki fram á nein forréttindi.“

Markmið félagsins, eins og þeim er lýst í lögum þess, eru tvíþætt:

- að vinna að baráttu- og hagsmunamálum lesbía og homma í því skyni að vinna þeim jafnrétti á við aðra á öllum sviðum þjóðlífsins;
- að skapa lesbíum og hommum félagslegan og menningarlegan vettvang til að styrkja sjálfsvitund þeirra, samkennd og samstöðu um sérkenni sín.

Félagið óx hægt en markvisst, einkum eftir að þeim fjölgaði sem hikuðu ekki við að koma fram og tjá sig opinberlega, en fyrstu árin voru slíkir teljandi á fingrum annarrar handar. Einarður og vitrænn málflutningur vann þó félaginu smám saman viðurkenningu samfélagsins og árið 1988 hlaut það sinn fyrsta opinbera fjárstyrk til útgáfumála frá Reykjavíkurborg. Starfið á níunda áratug aldarinnar markaðist af baráttunni við alnæmi og þá fordóma sem HIV-smitaðir og alnæmissjúkir mættu í samfélaginu, en sjúkdómurinn hjó stór skörð í raðir homma á þeim árum. Um skeið starfaði forvarnarfulltrúi alnæmis á vegum félagsins með tilstyrk heilbrigðisyfirvalda til þess að vinna gegn fjandskap og fáfræði samfélagsins. Starfið á tíunda áratugnum tók einkum mið af þeim framförum í löggjafarmálum sem þá urðu á Norðurlöndum og leiddu smám saman til mikilla sigra fyrir homma og lesbíur á Íslandi. Í baráttunni fyrir bættri löggjöf vann forysta félagsins árum saman þrotlaust starf til að upplýsa stjórnáamálamenn landsins og knýja á um úrbætur.

Í nóvember 1998 eignuðust Samtökin '78 loks sitt eigið húsnæði með rausnarlegum tilstyrk Reykjavíkurborgar og við það gjörbreyttist aðstaða félagsins sem í tuttugu ár hafði búið við mikil þrengsli í leiguhúsnæði víða í Reykjavík. Rúmlega 7000 gestir sækja árlega menningar- og þjónustumiðstöð félagsins á Laugavegi 3 í Reykjavík, en þar er opið hús þrjú kvöld í viku. Þar er einnig að finna starfsemi fræðslufulltrúa og félagsráðgjafa svo og vandað almenningubókasafn sem telur um 3000 titla, bækur, tímarit og myndbönd.

Menningar- og þjónustumiðstöðin er einnig vettvangur margs konar starfshópa sem sameinast um hugðarefni og hagsmunamál. Má þar nefna trúarhóp, ungliðahóp, hóp samkynhneigðra foreldra og hóp foreldra og annarra

aðstandenda samkynhneigðra. Þá tekur félagið þátt í hátíðahöldum Hinsegin daga í Reykjavík aðra helgi í ágúst á hverju ári.

Samtökin '78 eru eitt af elstu aðildarfélögum alþjóðasamtaka samkynhneigðra, ILGA (International Lesbian and Gay Association). Þau eiga einnig aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Ungliðahópur Samtakanna '78

www.samtokin78.is/unglidar

Á vettvangi Samtakanna '78 starfar hópur, ætlaður samkynhneigðum og tvíkynhneigðum ungmennum á aldrinum 14–19 ára, og tilgangur hans er að skapa og styrkja félagsleg tengsl milli þeirra. Hópurinn hittist tvisvar í mánuði og gerir eitt og annað skemmtilegt saman en andrúmsloftið er mjög svipað og í venjulegum félagsmiðstöðvum eða nemendafélögum. Það eru fastir fundir í hópnunum 1. og 3. sunnudagskvöld í mánuði milli kl. 20–23 og síðan velja þau sér eitt kvöld að auki í mánuði til þess að skemmta sér saman. Fyrsta sunnudagskvöld í mánuði er sérstaklega tileinkað nýjum félögum í hópnunum.

Ungliðahópurinn býður til sín alls konar gestum úr þjóðfélaginu til að ræða spennandi málefni, þau halda videókvöld og árshátíð, fara í útilegur og margt fleira. Það er félaganna sjálfra að móta dagskrána með stjórnendum hópsins, en á hverju hausti felur stjórn Samtakanna '78 tveimur aðilum að annast skipulagsmál og aðstoða hópinum við að gera hugmyndir ungliðanna að veruleika. Til þessa starfs er valið fólk sem hefur langa reynslu af kennslu og félagsstarfi með ungu fólki. Það hlustar á óskir og þarfir unga fólksins, gleði þeirra og sorgir, og aðstoðar hópinum við að gera góðar hugmyndir að veruleika. Umsjónarmennirnir bera ábyrgð á því að starfið fari vel og lýðræðislega fram, að engum sé haldið utan við hópinum og að tekið sé vel á móti öllum sem koma á opið hús hjá ungliðahópnunum, enda er markmið hans bæði ófrumlegt og gamaldags: Að láta öllum líða vel saman!

Það er átak fyrir alla að koma út úr skápnum og segja foreldrum og fjölskyldu frá staðreyndum lífsins. Sama er að segja um vinina og félagana. Stelpurnar og strákarinnir í vinahópnunum verða í fyrstu svolítið hissa og ringluð þegar þau fá fréttirnar en átta sig fljótt, enda hafa þau flest lært að samkynhneigðum ber sama virðing og öllu öðru fólki. Erfiðast af öllu er samt sú staðreynd að ungt samkynhneigt fólk þekkir nánast enga aðra í sömu sporunum um það bil sem það er að þæla í málunum, það þekkir ekki aðra homma eða aðrar lesbíur. Það er einmitt þess vegna sem ungliðahópur lesbía og homma starfar – til þess að fá tækifæri til að kynna öðrum samkynhneigðum á sama aldri, til að hitta aðra með sömu reynslu og læra að láta sér líða vel með þeim. Samkynhneigðir þurfa líka að venjast sér sjálfum í hópi lesbía og homma.

Fréttir af starfi ungliðanna er að finna á www.samtokin78.is/unglidar Einnig er tilvalið að skrifa hópnunum og láta skrá sig á netfangalistann. Netfang hópsins er unglidar@samtokin78.is og það eru umsjónarmennirnir sem annast pósthólfnið og svara bréfum.

Foreldrar og aðrir aðstandendur samkynhneigðra

Hópur foreldra og annarra aðstandenda lesbía og homma halda fundi annan hvern miðvikudag í mánuði yfir veturinn í menningar- og þjónustumiðstöð Samtakanna '78. Ætíð er einhver úr hópnunum til staðar hálf tíma fyrir fund ef fólk hefur þörf fyrir rólega stund og spjall áður en það hittir aðra. Hópurinn vinnur að fræðslu, bæði á opnum fundum og innan hópsins. Markmiðið er að efla

umræðu í nánasta umhverfi og á víðum grundvelli og efla skilning og þekkingu manna á því að samkynhneigð er fjölskyldumál, einn þáttur í litrófi lífsins. Þátttakendur leitast við að styrkja hverjir aðra og miðla hver öðrum af reynslu sinni. Allir aðstandendur eru velkomnir í hópinn.

Fræðslufulltrúi Samtakanna '78

fraedsla@samtokin78.is

Á vettvangi Samtakanna '78 starfar fræðslufulltrúi í hlutastarfi og er hann jafnframt kennari að mennt. Eitt helsta verkefni hans er að sinna almennum fræðslufundum með nemendum í grunnskólum og framhaldsskólum. Slíkir fræðslufundir hafa notið vinsælda um árabil og ýmist eru það nemendafélög eða kennarar sem óska eftir þeim.

Einnig býður fræðslufulltrúinn upp á margvíslega fræðslu um líf og tilveru samkynhneigðra fyrir kennara, námsráðgjafa og aðra starfsmenn í grunnskólum og framhaldsskólum um allt land. Í boði eru ýmist tveggja tíma fundir eða hálf dags námskeið með kennurum þar sem rætt er um markmið og leiðir, möguleg vandamál sem koma upp í fræðslu um samkynhneigð og nærtækar leiðir til lausna.

Með þessu starfi er leitast við að auðvelda kennurum að taka á ýmsum málum sem lúta að samkynhneigðum á raunhæfan og faglegan hátt. Í öllum skólum og flestum bekkjardeildum er að finna ungt fólk sem er að velta fyrir sér kynhneigð sinni eða tengist samkynhneigðri manneskju fjölskylduböndum. Sumir velkjast reyndar ekki í vafa um samkynhneigð sína þegar komið er á unglingsár en kjósa að leynd henni fyrir heiminum af ótta við aðkast og höfnun. Þeir taka glósur og fordóma í garð lesbía og homma yfirleitt afar nærri sér, jafnvel svo að námsgetu þeirra og þroska er stefnt í voða á viðkvæmu skeiði ævinnar.

Þá ber að hafa í huga að ýmsir nemendur eiga lesbíu eða homma að móður eða föður, ellegar samkynhneigð systkini, afa eða ömmur, án þess að það sé nokkurt launungarmál. Til þess að þeim líði vel í því umhverfi sem þeir alast upp í, þurfa þeir stuðning og viðurkenningu á því fjölskylduformi sem er kjarninn í einkalífi þeirra og dýrmætasti bakhjarl.

Það er reynsla þeirra sem þekkja til samkynhneigðra að fátt sé þeim erfiðara en þögnin sem oft sveipar líf þeirra. Með því að sniðganga hvers kyns umræðu um samkynhneigð sendir kennari þau óbeinu skilaboð til nemenda sinna að málið sé óaskilegt og eitthvað til að blygðast sín fyrir. Fordómar nærast einkum á þögn og skorti á upplýsingu, og því er fræðsla og yfirveguð umræða helsta vörnin gegn þeim. Hins vegar er eðlilegt að kennarar spyrji: Hvernig er best að standa að slíkri fræðslu? Hvað hentar hverjum aldurshópi? Á fundum með fræðslufulltrúa Samtakanna '78 gefst kennurum kostur á að fást við spurningar sem þessar og kynnast leiðum til nálgast málefnið á farsælan hátt.

Félagsráðgjafi Samtakanna '78

skrifstofa@samtokin78.is

Á vettvangi Samtakanna '78 starfar samkynhneigður félagsráðgjafi sem býður upp á einkaviðtöl. Þau eru einkum ætluð lesbíum og hommum svo og aðstandendum þeirra sem þarfnast aðstoðar til að ráða fram úr málum sínum, hvort sem þau eru tilfinningalegs og félagslegs eðlis. Nauðsynlegt er að panta viðtöl með

fyrirvara hjá framkvæmdastjóra félagsins. Fyllsta trúnaðar er gætt við þá sem leita eftir þessari þjónustu.

Ýmsir leita til ráðgjafans um það bil sem þeir játa kynhneigð sína fyrir sjálfum sér og heiminum. Raunin er sú að marga skortir manneskju til að tala við sem hefur þekkingu og skilning á þeirri reynslu sem mætir fólki á þessum tímamótum. Hvað bíður mín þegar ég hef tekið þetta skref? Hvernig á ég að segja mínum nánustu fréttirnar? Í hvaða röð á ég að nálgast þá sem ég segi þetta? Hvernig tek ég á höfnun? Get ég búið mig undir það sem í vændum er með því að lesa mér til eða læra af öðrum? Oft leiða viðtölin til þess að aðstandendur óska eftir að ræða við félagsráðgjafann því að þeir eru oft og tíðum óviðbúnir tíðindunum og þurfa stuðning hjá ráðgjafa engu síður en hinir samkynhneigðu sjálfir.

Ýmsir leita til ráðgjafans til þess að fá ráð og úrlausnir varðandi ýmis vandamál sem upp koma í daglegu lífi því að oft veigra lesbíur og hommar sér við að leita aðstoðar á vettvangi almennrar félagsþjónustu af ótta við höfnun eða skilingsleysi þegar kemur að því að ræða þátt kynhneigðarinnar í þeim vanda sem við er að etja. Þó að sá ótti eigi kannski ekki við rök að styðjast verður hann samt til þess að viðkomandi leitar ekki aðstoðar þegar að kreppir. Þar kemur til kasta félagsráðgjafa Samtakanna '78 að hjálpa skjólstæðingi sínum áleiðis.

Bókasafn og vefsíða

Bókasafn Samtakanna '78 starfar undir kjörorðinu „Bækurnar út úr skápnum!“ Þar er að finna stærsta bókakost sem til er á Íslandi um samkynhneigð málefni. Nær allar þessar bækur eru á erlendum málum, flestar á ensku, bæði fræðibækur og skáldskapur. Þar er einnig að finna stærsta safn kvikmynda á myndbandi hér á landi um líf og reynslu samkynhneigðra, fáeinar fræðslu- og heimildamyndir, en yfirleitt er um leiknar kvikmyndir að ræða. Þeir kennarar sem eiga aðgang að gagnagrunninum Feng á þeim söfnum sem hann nota geta þar kannað bókakost Samtakanna '78 þar sem safn félagsins er skráð á Feng. Safn Samtakanna '78 er almenningsbókasafn og allir geta gerst lánþegar gegn því að kaupa bókasafns-skírteini sem gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Safnið er opið á mánudags- og fimmtudagskvöldum kl. 20–23.

Á vefsíðu Samtakanna '78, www.samtokin78.is, er að finna safn greina og ritgerða um ýmis málefni tengd samkynhneigð. Þessar greinar eru meðal annars ætlaðar nemendum á grunnskóla- og framhaldsskólastigum við verkefnagerð, enda sýnir reynslan að fræðibækur á erlendum málum, sem eru uppistaðan í bókasafnkostinum, gagnast ungum nemendum aðeins að takmörkuðu leyti.

Um höfunda kvikmyndar og kennsluleiðbeininga

Hrafnhildur Gunnarsdóttir lauk námi í kvikmyndagerð frá San Francisco Art Institute árið 1989 og hefur síðan starfað að grein sinni í Bandaríkjunum og á Íslandi. Meðal kvikmynda eftir hana má nefna *Corpus Camera* sem var tilnefnd til Edduverðlaunanna 1999 og *Who Hangs the Laundry* sem fjallar um líbanska mannréttindakonu í skugga stríðsátaka, en sú kvikmynd var einnig tilnefnd til Edduverðlaunanna 2002. Báðar kvikmyndirnar hafa verið sýndar í sjónvarpi á Íslandi og á kvikmynda hátíðum víða um lönd.

Þorvaldur Kristinsson er bókmenntafræðingur að mennt, en hann nam fræði sín við háskóla í Bandaríkjunum og Danmörku svo og við Háskóla Íslands. Hann hefur starfað að bókaútgáfu um tveggja áratuga skeið og er nú bókmenntaritstjóri og bókmenntaráðunautur við Eddu útgáfu hf. Þorvaldur hefur unnið að mannréttinda- og fræðslumálum samkynhneigðra í nær aldarfjórðung, sinnt fyrirlestrahaldi og ritað fjölmargt um líf og reynslu samkynhneigðra.

Sara Dögg Jónsdóttir lauk B.Ed. prófi við grunnskólaskor Kennaraháskóla Íslands 2001 og lokaverkefni hennar var könnun á viðhorfum skólastjórnenda í grunnskólum til fræðslu um samkynhneigð í skólum þeirra. Síðar vann hún aðra rannsókn sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna og byggist á viðtölum við samkynhneigða kennara í grunnskólum um reynslu þeirra og líðan. Sara Dögg starfar sem grunnskólakennari og er jafnframt fræðslufulltrúi Samtakanna '78.